

Forsætisráðuneytið  
Samráðsgátt mál nr. 82/2023

Reykjavík 29. maí 2023

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um grænbók um sjálfbært Ísland.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Póra Jónsdóttir  
Lögfræðingur og verkefnastjóri innlendra verkefna

Berglind Sigmarsdóttir,  
framkvæmdastjóri



## Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um grænbók um sjálfbært Ísland.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna því að verið sé að vinna nýja stefnu um sjálfbæra þróun á Íslandi og þakka fyrir að hafa fengið að taka þátt í þeirri vinnu með setu í sjálfbærni ráði. Lykilatriði er þó að unnið verði eftir stefnunni og að hún beri árangur. Þrátt fyrir að um áratuga skeið hafi verið ljóst mikilvægi þess að vinna að sjálfbærri þróun og gegn loftslagsbreytingum, virðist ekki fyrr en nú vera raunverulegur vilji hjá stjórnvöldum og almenningi til að gera svo. Mikil vitundarvakning hefur orðið undanfarin ár sem mun vonandi skila sér með því að allir taki höndum saman í þessu brýna verkefni.

Að vinna að sjálfbæru Íslandi er lykilatriði til að börn nútíðar og framtíðar fái notið þeirra réttinda sem þeim ber samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og í raun að eiga lífvænlega framtíð, heilbrigt umhverfi og náttúru. Að vinna gegn loftslagsbreytingum og aðlögun að þeim þolir enga bið.

Brýnt er að Ísland verði kolefnishlutlaust sem fyrst, orkuskiptum verði hraðað, fólki gert kleift að ferðast á umhverfisvænan máta, ekki síst að uppbygging almenningsgangna og göngu- og hjólastíga verði sem aðgengilegust fyrir börn.

Réttlát umskipti eru ekki síst mikilvæg fyrir börn, ekki síst þau sem búa við erfiðar aðstæður og tilheyra viðkvæmum hópum. Börn eru viðkvæmur hópur á þroskabraut og því þarf að taka sérstakt tillit til þeirra. Þeir hópar sem standa vel gætu því þurft að gefa eftir af sínum gæðum til að tryggja réttlát umskipti. Því ætti markmiðið um réttlát umskipti ekki endilega vera að þau auki velsæld fyrir alla hópa samfélagsins eins og jafnvel má skilja af áherslum í stjórnarsáttmála og finna má í inngangi af Grænbók: *Að sjálfbærni og réttlát umskipti fyrir alla hópa samfélagsins verði leiðarstefin í yfirstandandi umbreytingum vegna loftslagsvárisinnar og tæknibreytinga*. Störf framtíðar þurfa að byggja á sjálfbærri þróun.

Barnaheill hafa skoðað Grænbókina með tilliti til þess sem snýr að börnum, réttindum þeirra og velferð til framtíðar. Barnaheill vilja leggja sérstaka áherslu á mikilvægi þess að uppræta fátækt meðal barna á Íslandi, en um 10.000 börn eiga á hættu að búa við fátækt og félagslega einangrun á landinu. Þau börn fá hvorki notið þeirra réttinda sem þeim ber samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna né heimsmarkmiðunum. Móta þarf sérstaka stefnu og áætlun til að uppræta fátækt. Vísendingar eru um aukna fátækt meðal barna ekki síst í kjölfar Covid19 heimsfaraldurs, aukinnar framfærslubyrði og verðbólgu. Því telja Barnaheill að ekki hafi náðst nægilega góður árangur hvað varðar heimsmarkmið nr 1 eins og fullyrt er á bls 20 í Grænbók. Jafnvel þó að á Íslandi búi hlutfallslega færri börn við fátækt en gengur og gerist, er fátækt meðal barna í auðugu ríki sem Ísland er algjörlega óásættanlegt.



- Tryggja þarf öllum börnum og fjölskyldum þeirra örugga framfærslu, tryggt, öruggt og heilsusamlegt húsnæði. Það er lykiltríði.
- Tryggja þarf öllum börnum næringarríka fæðu. Í því samhengi þarf að leggja áherslu á næringarríkar skólamáltíðir og gjaldfrjálsar fyrir börn í viðkvæmri stöðu. Setja þarf stefnu um slíkt. Til að vinna að sjálfbærni er mikilvægt að tryggja aðgengi að lítið unnun næringarríkum matvælum, sem ekki hafa farið um langan veg á góðum kjörum, aðgengilegum fyrir allar fjölskyldur. Því þarf að auka ræktun á grænmeti á Íslandi og auka neyslu á því. Vinna þarf að því að uppræta matarsóun. Styrkja þarf kennslu í umgengni við matvæli og matseld.
- Réttur barna til heilnæms umhverfis og náttúru er ekki nægilega tryggður í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en styrktur í heimsmarkmiðunum. Heilnæmt umhverfi og nálægð við náttúru bætir heilsu, bæði líkamlega, andlega og félagslega. Að því þarf að huga við allt skipulag og umgengni við náttúru. Við alla uppbyggingu íbúðarhúsnæðis þarf að tryggja aðgengi að útivistarsvæðum og náttúru. Jafnframt þarf að vernda líffræðilegan fjölbreytileika og ganga ekki á öröskuð mikilvæg svæði.

Barnaheill – Save the Children eru alþjóðleg frjáls félagasamtök sem starfa í meira en 120 löndum. Því vilja samtökin leggja áherslu á að velsæld þeirra ríkja sem auðugust eru má ekki vera kostuð af þeim ríkjum sem búa við litla velsæld eins og raunin hefur oft verið í aldanna rás. Velsæld Íslands þarf að byggja á sjálfbærni og jöfnuði. Til að tryggja sjálfbærni og um leið jöfnuð er því ljóst að hluti íslensk samfélagsins þarf að gefa frá sér gæði.

## Nokkrar athugasemdir sem tengjast hverju ráðuneyti:

- **3.3.1 Forsætisráðuneytið**  
Forsætisráðuneytið er lykilaðili til að tryggja sjálfbærni, mannréttindi og til að uppræta fátækt.
- **3.3.2 Dómsmálaráðuneytið**  
Barnaheill hafa frá upphafi beitt sér sérstaklega fyrir vernd barna gegn ofbeldi og taka undir mikilvægi þess að vinna að forvörnum gegn hvers kyns ofbeldi.
- **3.3.3 Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið**  
Barnaheill fagna heildarendurskoðun á örorkulífeyriskerfinu og vilja árétta að börn sem búa á heimilum þar sem foreldri er á örorku er í meiri hættu á að búa við skort og fátækt. Barnaheill leggja áherslu á að við endurskoðunina verði sérstaklega hugað að barnafjölskyldum, velferð þeirra og valdeflingu.



- **3.3.4 Fjármála- og efnahagsráðuneytið**

Skuldsetning heimila: Sagt er á bls 32 að skuldsetning íslenskra heimila sé hófleg. Barnaheill vilja áréttta að staða barnafjölskyldna sem búa við ótryggar aðstæður á leigumarkaði er óásættanleg. Börn sem búa í þröngbýli, heilsuspillandi húsnæði og búa við tíða flutninga eiga á hættu að búa við verri heilsu, festa ekki rætur og verða því félagslega einangruð. Of hátt hlutfall tekna barnafjölskyldna á leigumarkaði fara í leigu og erfitt er fyrir ungar fjölskyldur að fjárfesta í húsnæði. Þessu þarf að breyta.

- **3.3.6 Heilbrigðisráðuneytið**

Tryggja þarf öllum börnum bestu mögulegu heilsu og vinna að sjálfbærri þróun er lykilatriði í þeirri vegferð. Forvarnir gegn sjúkdómum, líkamlegum, andlegum og félagslegum er besta mögulega leiðin til að vinna að góðri heilsu allra. Það er ekki síst gert með stuðningi við barnafjölskyldur, tryggja heilsusamlegu húsnæði, aðgengi að heilnæmu umhverfi og náttúru og öruggu og skjótu aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Efla þarf geðheilsu barna með gjaldfrjálsri heilbrigðisþjónustu á sviði félagslegra og geðrænna veikinda. Ár í lífi barns á biðlista eftir þjónustu er heil eilífð og hefur slæm áhrif á barnið og umhverfi þess. Mismunur á efnislegum gæðum getur birst í mis góðri heilsu. Börn sem búa við fátækt eiga á hættu að búa við verri heilsu til framtíðar.

- **3.3.7 Innviðaráðuneytið**

Skipulag byggðar og uppbygging húsnæðis: Mikilvægt er að það húsnæði sem fyrirhugað er að byggja á næstu árum verði byggt á sjálfbæran hátt með sem minnstu kolefnisspori. Nýta þarf hráefni úr nærumhverfi eins og kostur er og endurvinna steypu og annan efnivið. Nýta það húsnæði sem fyrir er og breyta því í stað þess að brjóta niður og byggja nýtt. Öll hverfi þurfa að vera sjálfbær, en misbrestur hefur verið á slíku undanfarna áratugi með uppbyggingu stórra verslunareininga í útjaðri hverfa sem hefur gert það að verkum að þjónusta í hverfum hefur lagst niður. Í allri uppbyggingu þarf að gæta að líffræðilegum fjölbreytileika, göngu- og hjólastígum, nálægð við útivistarsvæði, flokkun og endurvinnslu, birtuskilyrðum og umhverfisvænum samgöngum. Húsnæði þarf að stuðla að góðri heilsu.

- **3.3.8 Matvælaráðuneytið**

Barnaheill fagna því að unnið sé að gerð matvælastefnu þar sem Ísland verði leiðandi í framleiðslu á heilnæmum matvælum í sátt við náttúru og umhverfi. Tryggja þarf öllum börnum næringarríka fæðu. Í því samhengi þarf að leggja áherslu á næringarríkar skólamáltíðir og gjaldfrjálsar fyrir börn í viðkvæmri stöðu. Setja þarf stefnu um slíkt. Til að vinna að sjálfbærni er mikilvægt að tryggja aðgengi að lítið unnum næringarríkum matvælum, sem ekki hafa farið um langan veg á góðum



kjörum, aðgengilegum fyrir allar fjölskyldur. Því þarf að auka ræktun á grænmeti á Íslandi og auka neyslu á því. Vinna þarf að því að uppræta matarsóun. Styrkja þarf kennslu í umgengni við matvæli og matseld.

- **3.3.9 Menningar- og viðskiptaráðuneytið**

Mikilvægt er að ferðaþjónusta sé byggð upp með sjálfbærum hætti til lengri tíma og með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi, þar sem hófsemd og vernd er lykilatriði. Efling barnamenningar er mikilvæg en tryggja þarf öllum börnum aðgengi að menningu og listum eins og þau eiga rétt á samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Slíkt er ekki raunin þar sem þátttaka í menningu og listum er kostnaðarsöm. Barnamenning þarf að ná til allra barna og vera á forsendum þeirra.

- **3.3.10 Mennta- og barnamálaráðuneytið**

Barnaheill leggja áherslu á að sjálfbærni verði áfram grunnþáttur menntunar og í raun sá þáttur sem aðrir grunnþættir byggjast á. Tryggja þarf öllum börnum jöfn tækifæri og því þarf að tryggja gjaldfrjálsa menntun til 18 ára aldurs, þar með talið námsgögn. Menntun þarf að vera á forsendum hvers og eins og því þarf að minnka brotthvarf úr framhaldsskólum með raunhæfum leiðum. Menntun þarf jafnt að miða að þátttöku í síbreytilegu samfélagi og að þroska hvern og einn til að eiga innihaldsrikt líf.

Öll börn eiga rétt á að taka þátt í tómstundum, listum og menningu en mörg börn mæta mörgum hindrunum fyrir þátttöku. Þar má ekki síst nefna hindrun vegna kostnaðar. Marka þarf stefnu um þátttöku barna í tómstundum þar sem tryggt er að öll börn geti tekið þátt óháð stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Stefnan þarf að byggja á því hvað börnum er fyrir bestu.

- **3.3.11 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið**

Barnaheill leggja áherslu á að kolefnishlutleysi fyrir Ísland verði hraðað með raunhæfum aðgerðum og réttlátum grænum umskiptum sem styðja við börn og fjölskyldur þeirra.

- **3.3.12 Utanríkisráðuneytið**

Barnaheill – Save the Children eru alþjóðleg frjáls félagasamtök sem starfa í meira en 120 löndum. Því vilja samtökin leggja áherslu á að velsæld þeirra ríkja sem auðugust eru má ekki vera kostuð af þeim ríkjum sem búa við litla velsæld eins og raunin hefur oft verið í aldanna rás. Tryggja þarf að í öllum verkefnum sem Ísland kemur að á alþjóðavísu sé sjálfbærni höfð að leiðarljósi.



- **3.4. Sveitarfélög**

Barnaheill taka undir að sveitarfélögin gegni mikilvægu hlutverki þegar kemur að vinnu að sjálfbærri þróun. Þar má nefna skipulagsmál, uppbyggingu húsnæðis, samgöngumál og menntamál. Hraða þarf uppbyggingu og samstarfi um umhverfisvæna ferðamáta, svo sem göngu- og hjólreiðastíga þvert á sveitarfélög. Uppbygging þannig samgöngumáta á jafnvel að ganga fyrir uppbyggingu akbrauta sem til þessa hafa verið í algjörum forgangi. Hægt er að leggja stíga meðfram þjóðvegum og stofnbrautum víða í stað þess að tvöfalda akbrautir. Uppbygging innviða þarf að tryggja öryggi og jafnt aðgengi að þjónustu.

- **3.5 Atvinnulífið**

Víða skortir atvinnulíf hvata til að vinna að sjálfbærri þróun og því þarf að breyta með lögum og reglugerðum. Atvinnulífið þarf allt að sýna samfélagslega ábyrgð og vinna að hringrásarhagkerfinu. Mengunarbótareglan þarf að vera í hávegum höfð í atvinnulífinu. Leggja þarf áherslu á umhverfisvæna og sjálfbæra ferðaþjónustu.

- **3.6 Samtök launafólks**

Barnaheill fagna vilja samtaka launafólks til réttlátra umskipta og vinnu að sjálfbærni. Samstarf við samtök launafólks er mikilvægt í því ferli og menntun starfsfólks til að geta aðlagast nýjum veruleika og annars konar störfum.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi.